

Rannsóknir

Atvinnumálanefnd og þeim aðilum sem skila sérfræðialiti ber að meta umsóknir út frá eftirfarandi sex þáttum:

- **Lýsing á verkefni**
- **Hagnýtt gildi rannsókna**
- **Fræðilegt gildi rannsókna**
- **Tengsl verkefnis við Sveitarfélagið Hornafjörð**
- **Hæfni umsækjanda**
- **Áætlanagerð**

Hér að neðan gefur að líta forsendur stigagjafar. Heildarstigafjöldi fyrir þættina sex er 120 stig, en hægt er að fá 0, 10, 15 eða 20 stig fyrir hvern þátt. Umsóknir eru metnar eftir samanlagðri stigatölu.

Lýsing á verkefni

0 stig - Lýsing á verkefni ófullnægjandi.

10 stig - Lýsing á verkefni í lagi en markmið óskýr eða óljós.

15 stig - Lýsing á verkefni vel unnin og markmið vel skilgreind og skýr.

20 stig - Lýsing á verkefni mjög vel unnin og markmið verkefnis mjög vel skilgreind og skýr.

Hagnýtt gildi rannsókna

0 stig – Rannsóknin hefur ekkert hagnýtt gildi.

10 stig - Vafi er á því að rannsóknin hafi hagnýtt gildi.

15 stig - Nokkuð miklar líkur á því að rannsóknin hafi hagnýtt gildi.

20 stig - Mjög miklar líkur á því að rannsóknin hafi hagnýtt gildi.

Fræðilegt gildi rannsókna

0 stig – Rannsóknin hefur ekkert fræðilegt gildi.

10 stig – Vafi er á því að rannsóknin hafi fræðilegt gildi.

15 stig – Nokkuð miklar líkur á að rannsóknin hafi fræðilegt gildi.

20 stig – Mjög miklar líkur á að rannsóknin hafi fræðilegt gildi.

Hæfni umsækjanda

0 stig - Ekki sýnt fram á að umsækjandi búi yfir reynslu eða hæfni til að vinna verkefnið.

10 stig - Umsækjandi hefur nokkra þekkingu og reynslu til að vinna verkefnið.

15 stig - Umsækjandi hefur haft kynni af sambærilegum verkefnum, hefur sótt nám eða námskeið sem nýtast við úrvinnslu verkefnisins og sýnir fram á að hann hafi hæfni til að vinna verkefnið.

20 stig - Umsækjandi hefur lokið námi og hefur haldbæra reynslu á því sviði er verkefnið varðar.

Tengsl verkefnis við Sveitarfélagið Hornafjörð

0 stig – Verkefnið hefur engin tengsl við Sveitarfélagið Hornafjörð.

10 stig – Verkefnið hefur takmörkuð tengsl við Sveitarfélagið Hornafjörð.

15 stig – Verkefnið hefur töluverð tengsl við Sveitarfélagið Hornafjörð.

20 stig – Verkefnið hefur mjög sterk tengsl við Sveitarfélagið Hornafjörð.

Áætlanagerð (Fjármögnun, kostnaðaráætlun og verkáætlun)

0 stig - Áætlun ekki til staðar.

10 stig - Áætlun ekki nægilega vel unnin og óraunhæf.

15 stig - Áætlun nokkuð vel unnin, raunhæf og fjármögnun trúverðug.

20 stig - Áætlun mjög vel unnin og raunhæf, fjármögnun verkefnis mjög trúverðug.